



# Frásögn af fundi með rússneska sendiherranum 24. september 1964

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Skýrsla – Rússland – Sovétríkin –

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-30, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 24. september 1964, kom rússneski sendiherrann á skrifstofu mína samkvæmt ósk sinni. Hann hafði áður beðið um viðtal á föstudag, en fékk því breytt, vegna ferðalags til Rússlands.

Erindi sendiherrans var í framhaldi af orðsendingu rússnesku stjórnarinnar sl. vetur um friðsamlega lausn landamæradeilna, sem byggð var á tillögu Krúsjeffs frá síðustu áramótum. Sendiherrann vitnaði í svar íslensku stjórnarinnar við orðsendingunni þá, kvað það hafa verið jákvætt og orðsendingin fengið góðar undirtektir víða, þó að sumir hefðu reyndar viljað tengja önnur málefni við lausn þessa máls, málefni, sem ekki væri hægt að leysa í þessu sambandi svo sem Berlínardeiluna, Kóreu, Víetnam og fleiri vandamál. Hann sagði, að rússneska stjórnin hefði nú ákveðið að leggja tillögu um þessi mál fyrir þing Sameinuðu Þjóðarinnar og vonaðist til þess að íslenska stjórnin veitti þeirri tillögu fyllstu athygli og gæti stutt, að framgangi málsins. Eg svaraði, að auðvitað væri ekki hægt, að taka afstöðu til tillögu fyrr en hún lægi fyrir og hefði verið efnislega skoðuð, en víst sýndist mér eðlilegt að málið væri flutt hjá Sameinuðu Þjóðunum og ég gæti þegar í stað lofað því, að tillögunni yrði veitt fyllsta athygli og skoðuð af velvilja.

Þá skýrði sendiherrann frá því að hann mundi á morgun fara til Rússlands og dvelja þar í 10 daga, hann ætti að vísu lengra sumarfrí inni, en hann væri búinn að vera hér í 8 mánuði, og hann hlakkaði nú til að hitta konu sína og fjölskyldu í Rússlandi, en konan yrði að dvelja þar af heilsufarsástæðum. Eg lét uppi samúð mína af þeim sökum og vék málinu síðan að fréttatilkynningu Þjóðviljans og fravda um solumöguleika á íslenskum afurðum í Rússlandi. Eg sagði íslensku stjórnina hafa mikinn áhuga á sölu afurða til Rússlands, en enn væri nokkuð óljóst hvað í þessu fælist og kvað, að gott væri að njóta ráða sendiherrans um það hvernig til botns yrði komizt í málinu, hvort það væri fyrir atbeina rússneska sendiráðsins hér, okkar sendiráðs í Moskvu eða að við ættum að senda sérstaka samninganefnd til Moskvu. Jafnframt væri rétt að gera sér ljóst, að við hefðum

þegar mikil viðskipti við Rússland og sá erfiðleiki fylgdi, að þau væru á grundvelli jafnvirðiskaupa og við keyptum þegar af Rússum þær vörur, sem hér væri hægt að selja með góðu móti. Það væri því ótvírátt, að miklir erfiðleikar yrðu á því að auka viðskiptin á jafnkaupa grundvelli.

Sendiherrann svaraði því, að hann vissi ekkert um þetta mál, annað en það sem staðið hefði í fréttatilkynningunum, sem hann hefði lesið. Frá þessu hefði hann þegar skýrt utanríkisráðherranum, en hann sagðist þó vita af fyrri viðræðum og kunnugleika, að hér væri einungis um að ræða jafnvirðiskaup. Hann gæti ekki nú sagt um með hverjum hætti ráðlegast væri að málið yrði upp tekið, en það skyldi hann kanna nánar í Moskvu og bjóst við að geta gert það mjög skjótlega eftir að þangað kæmi. Hann hefði orðið nokkuð hissa á þeim hávaða, sem útaf þessu máli hefði verið í blöðum og hefði þar ekki verið rétt með allt farið, t. d. hefði verið sagt að hann hefði farið með íslenzku sendinefndinni til Moskvu, en sannleikurinn væri sá, að sitt eina ferðalag um þær mundir hefði verið til Þingvalla. Eg kvað blaðafregnir stundum ónægkvæma og röbbuðum við síðan fram og aftur um málið, en ekkert nýtt kom fram.

Þá spurði sendiherrann mig um, hvernig ferð mín um Canada og Bandaríkin hefði gengið og kvað ég héldi um möguleika Goldwaters á að ná klesningu. Eg sagði nær alla hafa búizt við, að Johnson yrði kosinn. Ferð mín vestur hefði að öllu verið ánægjuleg og sérstaklega hefði ég veitt því athygli, að Dean Rusk utanríkisráðherra hefði skýrt mér frá því, að sambúð milli Bandaríkjanna og Sovét-Rússlands færi batnandi. Sendiherrann tók því vel en tók fram, að smáríkin gætu lagt sitt af mörkum til batnandi sambúðar. Eg svaraði, að ekki mundi þau eða a. m. k. okkur vanta til þess viljann en mest væri undir stórveldunum komið.

Sendiherrann talaði á rússnesku, en hafði með sér túlk, sem talaði á íslenzku. Hann hafði skrifað niður þýðingu á aðalerindi sendiherrans, sem endiherrann las upp af vélrituðu blaði.

*Richard*